

LÖG GLÍMUDÓMARAFÉLAGS ÍSLANDS

1. grein

- 1.1 Glímudómarafélag Íslands er samtök glímudómara, skammstafað GDÍ.

2. grein

- 2.1 Glímudómari sem er félagsbundinn innan Glímusambands Íslands, GLÍ, verður sjálfkrafa félagi í GDÍ:

3. grein

- 3.1 Tilgangur GDÍ er:
- 3.2 Að annast málefni glímudómara í umboði GLÍ.
- 3.3 Að vera fræðilegur ráðunautur GLÍ um glímulög og störf glímudómara.
- 3.4 Að gera glímudómara færari til að rækja störf sín.
- 3.5 Að efla traust glímumanna og áhorfenda til glímudómara.
- 3.6 Að sinna öðrum þeim málum er til heilla mega horfa glímunni eða snerta störf glímudómara.

4. grein

- 4.1 Helstu verkefni GDÍ skulu vera:
- 4.2 Að stuðla að því að jafnan sé til hæfilegur fjöldi viðurkenndra glímudómara.
- 4.3 Að standa fyrir fræðslu- og kynningarstarfsemi meðal glímudómara.
- 4.4 Að beita sér fyrir samræmdri túlkun glímudómara á gildandi glímulögum.
- 4.5 Að tilnefna dómnefndir á landsmót og önnur glímumót sé þess farið á leit.
- 4.6 Að halda skrá um alla viðurkennda glímudómara og störf þeirra.

5. grein

- 5.1 Til dómara starfa má aðeins skipa dómara sem hafa gilt dómarskírteini.

6. grein

- 6.1 Aðalfund ber að halda í september eða október ár hvert. Dagskrá aðalfundar er:
 1. Setning aðalfundar.
 2. Kosning fundarstjóra.
 3. Kosning fundarritara.
 4. Ársskýrsla formanns.
 5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.

6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
 7. Reikningar teknir til samþykktar.
 8. Árgjald ákveðið.
 9. Tillögur til lagabreytinga.
 10. Tillögur um önnur mál.
 11. Kosning formanns.
 12. Kosning ritara, sem jafnframt er varaformaður.
 13. Kosning gjaldkera.
 14. Kosning tveggja varamanna í stjórn.
 15. Önnur mál.
- 6.2 Allar kosningar skulu vera skriflegar og bundnar við þá sem tilnefndir eru. Atkvæðafjöldi ræður röð. Ef aðeins er tilnefndur sá fjöldi manna sem kjósa ber, eru þeir sjálfkjörnir.
- 6.3 Aðalfund skal boða bréflega og a.m.k. í einu dagblaði, með minnst 14 daga fyrirvara.
- 6.4 Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.
- 6.5 Almennra funda boðar stjórnin til svo oft sem þurfa þykir, eða ef 10 félagsmenn hið fæsta óska þess.

7. grein

- 7.1 Halda skal gjörðabók um aðalfund og aðra almenna fundi. Einnig skal stjórn GDÍ halda gjörðabók um stjórnarfundi og störf sín.

8. grein

- 8.1 Stjórnarfundur er löglegur ef tveir stjórnarmenn hið fæsta koma á hann.
- 8.2 Varamenn hafa ekki atkvæðisrétt nema í forföllum aðalmanna.

9. grein

- 9.1 Fari GLÍ þess á leit við GDÍ, að minnsta kosti 14 dögum fyrir glímumót, að félagið ræði niður dómurum, skal það skila tillögum til GLÍ, eigi síðar en að sjö dögum liðnum.

10. grein

- 10.1 Hafi dómari sem tilnefndur hefur verið, lögleg forföll, ber honum að tilkynna það stjórn GDÍ þegar í stað og tilnefnir þá félagið annan dómara í hans stað.

10.2 GDÍ ber ekki að taka tillit til þess þótt óskir komi fram um ákveðinn dómara.

11. grein

11.1 GDÍ á rétt á tveimur áheyrnarfulltrúum með málfrelsi og tillögurétt varðandi málefni GDÍ á Glímuþingi og skipar stjórn GDÍ þá.

12. grein

12.1 Breytingar á lögum þessum er einungis unnt að gera á lögsmætum aðalfundir GDÍ og þarf samþykki minnst 2/3 greiddra atkvæða.

12.2 Lagabreytingar öðlast ekki gildi fyrr en stjórn GLÍ hefur staðfest þær

13. grein

13.1 Tillögur um að leggja GDÍ niður má aðeins taka fyrir á lögsmætum aðalfundi.

13.2 Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta greiddra atkvæða.

13.3 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum félagsmönnum GDÍ grein fyrir henni í fundargerð aðalfundarins og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs aðalfundar.

13.4 Verði tillagan þá samþykkt aftur óbreytt, er það fullgild ákvörðun um að leggja GDÍ niður. Skal þá afhenda GLÍ eignir GDÍ til varðveislu.

14. grein

14.1 Lög þessi öðlast gildi þegar stjórn GLÍ hefur staðfest þau.

Staðfest á stjórnarfundi GLÍ 30. mars 1986. Breytingar staðfestar á stjórnarfundi GLÍ 25. mars 1992 / 14. apríl 1993 / 29. okt. 1996.